



SAMTÖK
SKATTGREIÐENDA

Samtök skattgreiðenda

Fákafeni 11
108 Reykjavík
uppl@skattgreiðendur.is
skattgreiðendur.is

Reykjavík, 20. ágúst 2026

Landskjörstjórn

Tjarnargata 4
101 Reykjavík

Efni: Veruleg breyting á opinberum upplýsingum um kostnað ESB-aðildar eftir að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst - beiðni um mat og aðgerðir

Ágæta Landskjörstjórn,

Samtök skattgreiðenda eru óflokksbundin félagasamtök sem vinna að gagnsæi í opinberum fjármálum. Samtökin sem slík taka ekki afstöðu til ESB aðildar. Erindi þetta varðar eingöngu gæði og tímasetningu birtingar á opinberum upplýsingum til kjósenda.

1. Málavextir

21. júní 2026: Utanríkisráðuneytið birti á vef Stjórnarráðsins síðuna „Hver er kostnaðurinn við aðild að Evrópusambandinu?“ Þar var niðurstaðan sú að Íslendingar myndu greiða á bilinu „2-7 milljarðar króna“ í árleg aðildargjöld, meðal annars á þeim grunni að full 8 milljarða árleg útgjöld vegna EES-samningsins voru dregin frá væntu framlagi.
27. júlí 2026: Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst.
17. ágúst 2026: Samkvæmt upplýsingum sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í fréttum RÚV höfðu þá „alls... nærri 17.900 greitt atkvæði“ - um 6,6% kjósenda á kjörskrá (rúmlega 272 þúsund) - og kjörsókn sögð „betri en við bjuggumst við“.
18. ágúst 2026: Ráðuneytið uppfærði upplýsingar á vefsíðu sinni og segir nú orðrétt: „Þessar upplýsingar voru uppfærðar 18. ágúst að teknu tilliti til fjölmiðlaumfjöllunar dagana á undan þar sem bent var á að taka eigi tillit til hluta þess kostnaðar sem greiddur er vegna EES-samstarfsins þegar nettóframlög aðildarríkja eru reiknuð út.“ Efnisbreytingin er veruleg: EES-frádrátturinn lækkaði úr 8 milljörðum í um 2 milljarða á ári, neðri mörk matsins hækkuðu úr 2 milljörðum í 8 milljarða króna og efri mörkin úr 7 milljörðum í 13 milljarða.
- Öll atkvæði sem greidd voru fram að 18. ágúst - að minnsta kosti tæplega 18 þúsund talsins - voru því greidd á tímabili þegar eldri kostnaðarupplýsingarnar stóðu enn óbreyttar vef ráðuneytisins. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla stendur enn yfir.

Til upplýsingar: Samtökin sendu kosningaefirliti OSCE/ODIHR erindi um efnið 14. ágúst 2026 og munu hitta fulltrúa OSCE/ODIHR á næstu dögum. Samtökin hafa jafnframt birt eigin greiningu á framlagshlið aðildar, byggða á fjármögnunarreglum ESB og sannprófaða gegn raungreiðslum tveggja aðildarríkja, með öllum útreikningum og heimildum; hún er aðgengileg Landskjörstjórn, sé

AA
RB

þess óskað. Á uppfærðri síðu ráðuneytisins er enn enga heildartölu (brúttótölu) að finna um það sem greitt yrði til sambandsins áður en styrkir o.þ.h. koma á móti.

2. Viðmiðin

- 52. gr. Kosningalaga nr. 112/2021 leggur upplýsingahlutverkið beint á Landskjörstjórn. Þar segir orðrétt: „Landskjörstjórn skal standa fyrir viðtækri kynningu á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæði skv. 2. mgr. 2. gr.“
- Reglur Landskjörstjórnar nr. 282/2026 um fyrirkomulag kynningar á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæðagreiðslu (B-deild Stjórnartíðinda, útgefnar 24. mars 2026, settar með stöð í 1. mgr. 52. gr. kosningalaga) útfæra skyldur Landskjörstjórnar nánar. Í 2. gr. þeirra segir orðrétt: „Kynningarefnið skal sett fram á hlutlægan hátt þar sem andstæðum sjónarmiðum eru gerð skil þannig að kjósandi geti tekið upplýsta afstöðu til þeirra spurninga sem bornar eru fram.“ Samkvæmt 1. gr. ber Landskjörstjórn jafnframt „ábyrgð á að kynningarefnið sé tiltækt og aðgengilegt kjósendum“.
- Álit Feneyjanefndar Evrópuráðsins um íslensku þjóðaratkvæðagreiðsluna (álit nr. 1279/2026, skjal CDL-AD(2026)018; gefið út 22. apríl 2026 og staðfest af nefndinni á 147. fundi hennar þann 12.-13. júní 2026) áréttar hvort tveggja: Að kjósendum verði að veita „objective and sufficient information to enable them to make an informed choice“ - og að það sé einmitt Landskjörstjórn sem samkvæmt 52. gr. kosningalaga skuli „organise an extensive programme to provide information on any matter submitted to a referendum“ (50. mgr. álitsins). Nefndin bendir jafnframt á að upplýsingaherferð Landskjörstjórnar fari fram „in co-operation with the State institutions and agencies“ (50.-51. mgr.) - upplýsingahlutverk Landskjörstjórnar og upplýsingagjöf annarra ríkisstofnana verða ekki aðskilin.
- Almennar viðmiðunarreglur Feneyjanefndar um þjóðaratkvæðagreiðslur (Revised Guidelines on the Holding of Referendums, CDL-AD(2020)031) kveða meðal annars á um hlutleysisskyldu stjórnvalda gagnvart báðum hliðum, allt kosningabaráttutímabilið, svo kjósendur geti myndað sér skoðun með rökstuddum hætti (gr. I.2.2.a og I.3.1.a), og að hlutlægar og jafnvægar upplýsingar berist kjósendum „sufficiently far in advance of the vote“ (gr. I.3.1.e).
- Þarfamatsskýrsla ODIHR vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar (31. júlí 2026) tilgreindi sjálf „neutrality and sufficiency of official voter information“ meðal athugunarefna.
- Yfirlýsing Landskjörstjórnar 11. ágúst 2026 um eigið kynningarefni: „Komi til þess að texta kynningarefnisins verði breytt mun þess verða getið á upplýsingavefnum með skýrum hætti.“ Að mati samtakanna endurspeglar sú afstaða almenna meginreglu um gagnsæi þegar kosningaupplýsingum er breytt - meginreglu sem á þá ekki síður við þegar breytingin er jafn veruleg og hér um ræðir og gerð eftir að atkvæðagreiðsla er hafin.

3. Erindið

Með vísan til framangreinds óska samtökin eftir því:

1. Að Landskjörstjórn meti hvaða áhrif sú verulega breyting sem varð þann 18. ágúst á opinberum upplýsingum stjórnvalda um kostnað við ESB aðild - eftir að tæplega 18 þúsund kjósendur höfðu þegar greitt atkvæði - hafi á upplýsingahlutverk Landskjörstjórnar samkvæmt 52. gr. kosningalaga og á það hvort tryggt sé að kjósendur hafi aðgang að hlutlægum, jafnvægum og tímanlegum upplýsingum fyrir kjördag.
2. Að Landskjörstjórn meti, í ljósi upplýsingahlutverks síns samkvæmt 52. gr. kosningalaga, hvort tryggja þurfi að kjósendum séu einnig veittar upplýsingar um áætlað heildarframlag Íslands til fjárlaga ESB áður en mótteknar greiðslur og styrkir eru dregnir frá - ásamt nettómati og helstu

AA
RB

forsendum beggja fjárhæða - svo kjósendur sjái báðar hliðar reikningsins fyrir kjördag, í samræmi við kröfu Feneyjaviðmiðanna um jafnvægar upplýsingar (gr. I.3.1.e).

3. Að Landskjörstjórn beiti sér fyrir því, í ljósi kynningarhlutverks síns, að uppfærslan frá 18. ágúst verði kynnt kjósendum með skýrum og áberandi hætti og sambærilegum sýnileika og upphaflegu upplýsingarnar fengu - sérstaklega gagnvart þeim sem greiða atkvæði utan kjörfundar fram að kjördegi.
4. Að svar berist fyrir kjördag 29. ágúst, enda stendur utankjörfundaratkvæðagreiðsla yfir og fjölgar greiddum atkvæðum dag hvern.

Samtökin leggja áherslu á að erindið felur hvorki í sér afstöðu til efnis þjóðaratkvæðagreiðslunnar né beiðni um afskipti af niðurstöðu hennar. Öll fylgiskjöl og útreikningar samtakanna eru aðgengileg Landskjörstjórn, sé þess óskað.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka skattgreiðenda



Skafti Harðarson, formaður



Arnar Arinbjarnarson



Róbert Bragason

Fylgiskjöl:

1. Útprintun af síðu utanríkisráðuneytisins eins og hún var 18. ágúst 2026 (báðar útgáfur, ný og eldri sem varðveitt er neðar á síðunni)
2. Frétt RÚV 17. ágúst 2026 um utankjörfundaratkvæðagreiðsluna (útprintun)
3. Erindi samtakanna til kosningaeftirlits OSCE/ODIHR, dags. 14. ágúst 2026, ásamt minnisblaði